

Fundur miðstjórnar Bandalags háskólamanna
miðvikudaginn 18. 01 2006 kl. 16:00
á Grand Hótel Reykjavík

Mættir:

Elsa B. Friðfinnsdóttir – BHM/FÍH
Halldóra Friðjónsdóttir – BHM
Páll Halldórsson – FÍN
Inga Rún Ólafsdóttir – HugGarður
Stefán Aðalsteinsson – BHM
Kristín Hafsteinsdóttir – FL
Ingi Jón Hauksson – SSÍ
Helga Birna Ingimundardóttir – FÍH
Bragi Skúlason – Útgarður
Salóme Þórisdóttir – ÞÍ
Racel Eiriksson – FÍF
Sigurður Einarsson – SHMN
Sigríður Björnsdóttir – FH
Kristbjörg Magnúsdóttir – LMFÍ
Guðlaug Einarsson - LMFÍ
Þórný Hlynsdóttir – FH
Signý Þöll Kristinsdóttir – IPÍ
Lilja Ingvarsson – IPÍ
Katrín Sigurðardóttir – FG
Halldór K. Valdimarsson – BHM
Þrúður Haraldsdóttir – FÍN
Ína Hjálmarsdóttir – FÍN
Þorbjörg Guðlaugsdóttir - SSP

Fundur settur: 16:12

Fundarstjóri: Elsa B. Friðfinnsdóttir

Til umræðu:

1. Endurskoðun laga um starfsmenn í hlutastörfum. Meðfylgjandi bréf frá Félagsmálaráðuneyti, upphaflegt frumvarp með greinargerð og endanleg gerð laganna.

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður, skýrði frá því að breytinga sé þörf meðal annars varðandi það til hverra ákvæði laganna ná. Vísaði þar m.a. til 2. greinar laganna. Ennfremur væri margt annað sem þörf væri á að skilgreina betur.

Í umræðum kom fram að nokkuð fjölmennur hópur hefði megin framfæri sitt af hlutastörfum og því sé þetta stórt og vaxandi vandamál. Rætt var um hvaða áherslur BHM vill leggja í viðræðum sem framundan eru um endurskoðun laganna. Fundur hefur verið boðaður í komandi viku og fulltrúar þeirra félaga sem þessi mál snerta þurfa að koma að undirbúningi fyrir hann.

Fram kom að nauðsynlegt sé að lækka það starfshlutfall sem þarf til að fastráðning í hlutastarf eigi sér stað.

Halldóra Friðjónsdóttir situr fundinn fimmtudaginn 26. janúar og þeir sem vilja koma viðhorfum á framfæri hafi samband fyrir þann tíma.

2. Enn um aðild að BHM og sjóðum, bréf frá Félagi prófessora í Háskóla Íslands er meðfylgjandi.

Formaður skýrði frá því að Félag prófessora hefði verið í BHM áður og væru þess vegna í OBHM. Jafnframt hefðu margir þeirra verið í aðildarfélagi innan BHM og þar af leiðandi í Styrktarsjóði, allt þar til þeir fengu framgang í prófessorsembætti.

Erindi sem varða aðild að BHM eða sjóðum í vörslu bandalagsins hafa borist frá nokkrum aðilum. Minnti HF á að lögum BHM hefði verið breytt til að heimila inntöku félaga sem ekki eru beinlínis kjarafélög. Nú þurfi hins vegar að skoða hvort heimila eigi einungis aðild að sjóðunum, án aðildar að BHM.

Í umræðu kom fram að horfa beri nokkuð vítt á hugtakið kjarafélag. Jafnframt megi ætla að fyrr eða síðar muni þau félög sem eru fagfélög eingöngu telja nauðsynlegt að hafa afskipti af kjaramálum og því eigi þau samleið með aðildarfélögum BHM.

Fram kom að það væri ólíkt hver aðkoma félaga sem sækja um aðild er. Meðal annars hefðu komi fram fyrirspurnir frá félagi sem í væru einungis sjálfstætt starfandi listamenn, sem ekki eru beinir launþegar. Það væri ekki alveg ljóst hvernig slíkt félag myndi starfa við hlið félags sem er hreint launþegafélag. Það gæti reynt varasamt að gefa kost á mismunandi aðild, en í þessum efnum sem öðrum yrði bandalagið þó að hlýða kalli tímans.

3. Samningamál við Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga.

Formaður skýrði frá því að um leið og mótmæli bárust vegna samninga Eflingar hefðu viðræður BHM-félaga og Launanevndar lagst af og launamálaráðstefna hefði nú verið boðuð í næstu viku. Fundir með launanevnd væru raunar komnir á aftur. HugGarður hefur hitt LS einu sinni og þar er verið að ræða hugmyndir um nýtt launamyndunarkerfi.

Varðandi samninga við Reykjavíkurborg hefur samstarf rofnað aðeins vegna mismunandi hagsmuna. Síðan hafa tvö HugGarðsfélög fellt gerða samninga.

Félagsráðgjafar hafa samið um starfsmat. Sálfræðingar og FÍN eru enn að ræða við Reykjavíkurborg, svo og Iðjubjálfar.

Í umræðum kom fram að hjá SSÍ eru samningar í hnút. Félagið mun halda kjarafundi á næstunni og verið er að fhuga leiðir til aðgerða.

Nokkur óvissa ríkir um hver áhrif starfsmats verða hjá þeim sem gangast inn á slíkt kerfi í samningum.

Jafnframt var lýst þeirri skoðun að það hlyti að teljast óviðsættanlegt að þegar búið er að meta starf til launa fáist ekki það greitt fyrir þau nema félag væri þvingað til að taka þátt í starfsmati eða öðru kerfi.

FÍN er búið að visa samningum við borgina til sáttasemjara.

Fram kom að ef ætlunin er að reyna að standa í vegi fyrir starfsmati og þvingun inn í starfsmatskerfi þá verði aðildarfélögin að fara að ræða þau mál sín á milli. Rætt var um að mörg félög vildu gjarnan láta endurmeta störf sinna félagsmanna, en eitthvert sjálfvirkt kerfi geti varla komið þar að gagni.

Fram kom að spurningar væru uppi varðandi lögmati þess starfsmatskerfis sem Reykjavíkurborg er að nota og verið er að leita svara við þeim.

4. Stofnanasamningar og samstarfsnefndir. (http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/fraedsla/stofnanasamningar2006/#Gogn_fyrir_samstarfsnefndir)

Halldóra skýrði frá því að námskeiðalotunni væri nú að ljúka. Misjafnt væri hversu vel gengi úti á stofnunum og ljóst væri að þrátt fyrir nýtt fyrirkomulag verði ekki auðvelt verk að koma á einum samningi á hverri stofnun. Samninganevndin frá síðasta ári verður kölluð saman til að skipuleggja næstu skref.

Fram kom fyrirspurn til þeirra félaga sem eru utan samflotssamningsins um hvort auðsótt væri hjá stofnunum að gera fleiri en einn stofnanasamning. Svárið var að það væri ýmist hvort það væri auðvelt eða erfitt.

Rætt var um aðkomu almennra félagsmanna að gerð stofnanasamninga. Ríkjandi viðhorf var að mikilvægt væri að þeir kæmu þar að.

Til kynningar:

5. Húsnæðismál.

Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri, skýrði frá því að ætlunin væri að BHM flytji í lok febrúar. Húsnæðið hefði verið skoðað fyrr þennan dag og virðist vera að ganga þannig að þetta gæti hafist.

6. Önnur mál.

Sjúkrasjóður og Styrktarsjóður BHM – Stefán Aðalsteinson Skýrði frá því að það hefði legið fyrir frá því í nóvember 2004 að styrkir úr StBHM og SBHM væru skattskyldir og jafnframt staðgreiðsluskyldir. Eini styrkurinn sem er undanþeginn er styrkur vegna útfarar. Í September fell úrskurður í yfirséttanefnd og þar var þetta alit staðfest. Í framhaldi af því hefur VR fengið viðbótarálag sem nemur tugum milljóna. Stjórnir sjóða BHM vilja ekki fara á svig við lög þannig að framvegis verður tekin staðgreiðsla af öllum styrkjum sem greiddir eru út. Þetta kann að hafa einhver áhrif á starfsemi sjóðanna.

Viðtal við formann – Ingi Jón Hauksson vakti máls á viðtali við formann BHM þann 16. janúar. Sagði hann fréttina hafa farið illa í stjórn sálfræðingafélagsins. Las hann upp tilmæli stjórnar félagsins til formanns vegna þess.

Tilmæli komu fram um að skoðað væri að breyta lögum bandalagsins þannig að formaður BHM verði ekki jafnframt formaður aðildarfélags.

Fundi slitið 18:10